



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. janúar 2014.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til breytingu á lögum um útlendinga, 143. löggjafarþing 2012 -2013, þingskjal nr. 457 – 249. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar, en því er annars vegar ætlað að innleiða í íslensk lög tvær tilskipanir og eina reglugerð Evrópusambandsins (tilskipanir 2004/38/EB og 2008/115/EB og nýja Dyflinnarreglugerð) og hins vegar er markmiðið með frumvarpinu að gera breytingar sem varða málsmeðferð og afgreiðsluhraða hælisumsókna.

MRSÍ gerir ekki sérstakar athugasemdir við innleiðingu framangreindra Evróputilskipana og reglugerðar, en veltir þó fyrir sér þar sem í nokkrum ákvæðum frumvarpsins er að finna heimildir til frávísunar eða brottvísunar á grundvelli öryggis ríkis eða almannahagsmuna, að hvergi í frumvarpinu er að finna nánari skilgreiningu á því hvað felst í þessum hugtökum. Ætla má að betur færi á því að sett væru fram einhver viðmið í löginn sjálf, reglugerð eða lögskýringargögn, hvað teljist vera ógn við öryggi ríkis eða almannahagsmunir til þess að takmarka huglægt mat stjórnvalda. Í frumvarpi með lögum nr. 96/2002 er aðeins á einum stað (sjá athugasemdir um 43. gr.) fjallað lítilsháttar um hvað í hugtakinu almannahagsmunir felst en sú útlitun er langt í frá fullnægjandi, ef eitthvað gerir hún hugtakið jafnvel óljósara.

Skrifstofan fagnar ákvæðum um kærunefnd útlendingamála. Auk MRSÍ hafa m.a. Flóttamannastofnun Sp, Nefnd Sp gegn kynþáttamisrétti, Nefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttamisrétti og skorti á umburðalyndi (ECRI), Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins og Rauði krossinn bent á að hælisumsækjendur skuli hafa rétt til að leita réttar síns fyrir sjálfstæðum og óhlutdrægum aðila á áfrýjunarstigi sem hafi umboð til að endurskoða álitafni tengd staðreyndum og lagatúlkun. Telur MRSÍ það því stórt skref í jákvæða átt að kærunefnd útlendingamála skuli ætlað að fjalla um ákvarðanir Útlendingastofnunar sem til hennar eru kærðar á grundvelli 30. gr. útlendingalaga og að ákvarðanir lögreglu á grundvelli laga verði og kæránlegar til kærunefndarinnar í stað Útlendingastofnunar eins og gildandi lög kveða á um. Þar með er tryggt að sjálfstæður og óháður úrskurðaraðili fari yfir framangreindar ákvarðanir á stjórnarsýslustigi.

MRSÍ telur og mega taka undir það sjónarmið er í frumvarpinu greinir að með breytingunni sé leitast við að einfalda stjórnarsýslu í málaflokknum.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdarstjóri